



Lög iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík

HEITI OG TILGANGUR FÉLAGSINS

1. Grein

Félagið heitir „Íðnaðarmannafélagið í Reykjavík“.
Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein.

Tilgangur félagsins er að efla menningu og menntun iðnaðarmanna og styrkja stofnanir, sem starfa í þeirra þágu.

STJÓRN OG EMBÆTTISMENN

3. grein

Stjórn félagsins skipa 5 menn, formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður og vararitari. Skulu þeir kosnir á aðalfundi, hver fyrir sig. Formaður skal kjörinn til tveggja ára í senn. Hann skal þó ekki sitja lengur en þrjú kjörtímabil samfellt.

Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára og gangi tveir úr stjórninni til skiptis á hverjum aðalfundi. Enfremur skal kjósa þrjá varamenn til eins árs, skipa þeir stjórnarsæti í forföllum aðalstjórnarmanna.

4. grein.

Stjórnin er fulltrúi félagsins og fer með mál þess. Ákvarðanir hennar skulu skuldbinda félagið, en ábyrgð ber hún á gjörðum sínum gagnvart því.

5. grein

Kjörinn löggiltur endurskoðandi skal skila reikningum félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöðurnar fyrir skoðunarmenn reikninga, stjórn og aðalfund félagsins. Gjaldkeri og stjórn annist fjármál félagsins. Fela má aðila að innheimta og greiða reikninga félagsins. Eigi má greiða reikninga nema gjaldkeri og formaður hafi áritað þá. Fyrir meiriháttar skuldbindingum skal fá stjórnar- og félagsfundarsamþykkt.

ÁRGJÖLD OG REIKNINGAR

6. grein

Reikningar félagsins er almanaksárið.

7. grein

Öll árgjöld skulu greidd fyrir 1. september ár hvert. Skuldi félagsmaður tvö ár nýtur hann ekki lengur félagsréttinda, skuldi hann þrjú ár fellur hann út af félagsskrá að undangenginni aðvörðun með bréfi. Stjórn er heimilt að fella niður árgjald félagsmanns ef hún sér ástæðu til. Félagsmenn, sem náð hafa sjötíu ára aldri skulu eigi greiða árgjald, en njóta fullra réttinda.

AÐALFUNDUR

8. grein

Aðalfundur hefur æðsta vald í öllum málum félagsins, innan takmarka þessara laga. Hann skal haldinn í mars til maí ár hvert.

Verkefni aðalfundar eru þessi

A: Formaður skýrir frá störfum félagsins umliðið ár.

B: Gjaldkeri leggur fram til samþykktar endurskoðaða reikninga félagsins og stofnana þeirra, er teljast til þess.

C: Kosin stjórn og varastjórn, tveir skoðunarmenn reikninga og einn til vara, svo og starfsmenn og nefndir, sem félagimnu ber að kjósa fyrir stofnanir þess og nefndir.

D: Lagabreytingar, ef fram koma.

E: Ákveða árgjald og inntökugjald.

F: Önnur mál.

Aðalfundur og aðrir fundir skulu boðaðir í tölvupósti, eða með skriflegri tilkynningu til hvers einstaks félaga, með minnst viku fyrirvara og skal í fundarboðum geta hinna helstu mála, er fyrir fundinum liggja.

Um lögmæti aðalfundar gilda að öðru leiti sömu reglur og aðra fundi.

9. grein

Félagaskosnir skoðunarmenn reikninga skulu endurskoða reikninga félagsins, á skrifstofu þess og hafa lokið því eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund, reikningarnir skulu síðan liggja frammi, til aðalfundar á auglýstum tíma, til athugunar fyrir félagsmenn, sem þess óska.

ALMENNUR FÉLAGSFUNDUR

10. grein

Fundir skulu haldnir þegar þörf krefur á tímabilinu frá vetrarnótt til sumarmála. Boða skal til fundar ef 10 eða fleiri félagsmenn óska þess. Lögmætur er fundur sem löglega er boðaður.

11. grein

Fundarsköp setur félagið sér, sem félagsmenn hegða sér eftir á fundum þess.

FÉLGSADILD

12. grein

Félagmenn geta þeir orið, sem meirihluti á lögmætum fundi samþykkir, ef þeir hafa:

A: fullgild réttindi í einhverri hinna löggilta iðngreina.

B: fullgild réttindi arkitekta, verkfræði, tæknifræði, bygginga- og iðnfræði, auk þeirra sem lokið hafa námi í sambærilegum erlendum skólum í iðn og iðnhönnun.

C: Þeir sem hafa unnið að framgangi iðn- og tæknimenntunar að mati stjórnar og félagsfundar.

13. grein

Sá sem óskar eftir að gerast félagsmaður, sendir formanni skriflega inntökubeiðni og skal henni fylga meðmæli tveggja félagsmanna. Skal hann svo borinn upp á næsta félagsfundi og atkvæði greidd með kúlum sé þess sérstaklega óskað, annars með handauppréttingu. Sé umsækjandi samþykktur er honum heimilt að sitja á þeim sama fundi og taka þátt í umræðum en atkvæðisrétt, kosningarétt og kjörgengi hefur hann ekki fyrr en á næsta fundi, enda hafi hann þá greitt inntökugjaldið og ber stjórninni að færa hann á félagsskrá.

14. grein

Heiðursfélaga getur félagið valið sér, ef ástæða þykir til.

Þeir eru ekki gjaldskyldir og þurfa ekki að taka að sér neitt starf í félaginu fremur en þeir sjálfir vilja, en hafa öll réttindi sem aðrir félagsmenn.

15. grein

Árgjald og inntökugjald er ákveðið á aðalfundi ár hvert. Inntökugjaldið greiðist við inntöku eða svo fljótt sem auðið er.

16. grein

Enginn má skorast undan því að taka að sér sýslan á félagsins þarfir, nema áður hafa aðra, eða eiginhagsmunir og önnur atvik sem gild verða tekin af fundarmönnum hamli því, samanber þó 14. grein laga þessara.

LAGABREYTINGAR OG SLIT FÉLAGSINS

17. grein

Lögum félagsins má aðeins breyta á aðalfundi og verður uppástunga til breytingarinnar að hafa borist stjórn félagsins fyrir febrúar lok og sendir stjórn félagsins lagabreytingar til félagsmanna 14 dögum fyrir aðalfund, og nær breytingin því aðeins gildi, að 2/3 hlutar félagsmanna á fundi samþykki hana.

Fari svo að félagið leysist upp skulu allar skuldlausar eignir þess renna í „Styrktarsjóð iðnaðarmanna í Reykjavík“ sem stofnaður var af félaginu 1896.

Samþykkt á aðalfundi 22. Júní 2005.

Samþykkt á aðalfundi 8. maí 2019.

FUNDARSKÖP

1. grein

Formaður og í forföllum hans varaformaður, setur fundi og skipar fundarstjóra.

Fundarstjóri sér um að umræður fari reglulega fram og útskurður ef deilt er um skilning á lögum eða fundarsköpum.

Óski hann að taka þátt í umræðum um sérstakt málefni, skal hann ganga úr sæti sínu og setja annan til að stjórna fundinum á meðan.

2. grein

Fundarbók skal halda og skal ritari færa inn í hana öll mál er koma fyrir á fundinum og ályktanir sem gjörðar eru. Einnig skal hann í aðaldráttum gæta þess sem fram fer á fundinum.

Í fundarbyrjun skal lesin upp fundarbókun síðasta fundar og eftir að hún hefur verið samþykkt undirritar fundarstjóri og ritari hana.

3. grein

Sá sem óskar að taka til máls, skal biðja fundarstjóra um leyfi til þess og skal veita honum orðið í þeirri röð sem hann hefur beðið um það.

4. grein

Gæta skulu fundarmenn allrar kurteisi á fundum og ekki skal viðhafa ósæmileg orð eða látbragð: komi það fyrir, skal fundarstjóri áminna hlutaðeiganda, en taki hann ekki tillit til þess, getur fundarstjóri svift hann málfrelsi og séu mikið ítrekuð brögð að þessu má hann með samþykki fundarins vísa hlutaðeiganda af fundi.

5. grein

Sé ákvörðun tekin á fundi um það að halda einhverju máli leyndu um lengri eða skemmri tíma, má enginn minnst á það við aðra eða þá sem á fundinum voru. Sé út af þessu brugðið getur það varðað brottrekstri úr félaginu.

6. grein

Allar atkvæðagreiðslur um inntöku félaga skal framnkvæma samkvæmt 13. grein laganna, að öðru leyti hagar fundarstjóri atkvæðagreiðslum eins og best á við í hvert sinn: þó skal viðhafa nafnakall ef einhver óskar þess sérstaklega.

Óski einhver sérstaks fyrirkomulags á atkvæðagreiðslunni skal fundarstjóri bera það undir fundinn umræðulaust.

Nýsveinahátíð

Reglur um veitingu verðlauna.

Reglur IMFR um veitingu silfur- og bronsverðlauna til nýsveina fyrir afburða vel útfært sveinsprófsverkefni eru:

Sveinsprófsnefndir löggiltra iðngreina gera tillögur um verðlaunahafa. Sveinspróf skal hafa farið fram á árinu áður en hátíðin fer fram, þ.e. tilnefningar til verðlauna á nýsveinahátíð 2021 ná til prófa sem haldin eru 2020 o.svo frv.

Sveinsprófsnefnd skráir nafn, kennitölu, heimilisfang, símanúmer og netfang sveins og meistara á vefsíðu félagsins WWW.IMFR.IS auk upplýsinga um iðngrein, skóla, námstíma og lýsingu sveinsstykis.

Tilnefningar skulu berast IMFR í síðasta lagi 30. nóvember.

Verðlaunahafi fær heiðursskjal ásamt heiðurspeningi, silfur eða brons. Heiðursskjalið er undirritað af forseta Íslands og stjórn IMFR.

Sveini, aðstandendum hans, meistara, prófnefnd og stjórnnum meistara- og sveinafélags er boðið formlega til nýsveinahátíðarinnar.

Hver sveinsprófsnefnd getur útnefnt tvo nemendur til silfurs- eða bronsverðlauna.

Heiðursiðnaðarmaður

Reglur IMFR um útnefningu heiðursiðnaðarmanns ársins.

Stjórn IMFR velur iðnaðarmann sem náð hefur afburðaárangri í iðn sinni. Útnefndum iðnaðarmanni er boðið til nýsveinahátíðar IMFR. Hann hlýtur gullpening og heiðursskjal undirritað af forseta Íslands og stjórn IMFR.